

# WebQuest

Ákvörðunartaka

DISCOVER   
& EMPOWER



Co-funded by  
the European Union

Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the National Agency. Neither the European Union nor National Agency can be held responsible for them. Project Number: 2023-1-LT01-KA220-ADU-000156443

# Ákvörðunartaka

## Inngangur

Ákvörðunartaka er hæfni sem hefur áhrif á alla þætti lífsins – frá daglegum verkefnum yfir í mikilvægar starfs- og lífsleiðir. Að taka góðar ákvarðanir byggir á því að veða og meta upplýsingar, skoða mismunandi möguleika og vera meðvitaður um gildi sín og forgangsröðun.

Í þessari vefkönnun lærir þú að greina aðstæður, skoða leiðir og taka upplýstar ákvarðanir sem byggja á raunverulegum markmiðum og aðstæðum.

---

## Markmið

Við lok verkefnisins ertu búin(n) að:

- Greina eigin ákvarðanatökustíl
- Skoða mismunandi leiðir til að taka upplýstar ákvarðanir
- Beita aðferðum við forgangsröðun
- Hanna þitt eigið verkfærasafn fyrir betri ákvarðanatöku

---

## Ferli

*Skref 1: Hvað er góð ákvörðun?*

- Kynntu þér lykilatriði í árangursríkri ákvarðanatöku – t.d. rökræða vs. innsæi, gildi og áhrif.
- Skoðu algengar hindranir í ákvarðanatöku, eins og valkvíða eða ótta við mistök.
- Hugleiðing:  
Hvað einkennir trausta ákvörðun og hvað getur truflað skýra niðurstöðu?

## Heimild:

- [The Importance of Decision-Making Skills](#)
- [Different Types of Decisions in the Workplace](#)
- [Why Decision-Making Matters in Leadership](#)

### *Skref 2: Dinn ákvarðanatökustíll*

Taktu stutt sjálfsmat til að greina hvernig þú tekur ákvarðanir: Hvað hentar þég best: viltu rök, hugboð eða samráð?

Skrifaðu stutta samantekt:

- Hvernig tekur þú yfirleitt ákvarðanir?
- Hvað hefur virkað vel fyrir þig og hvað mætti bæta?

#### **Heimild:**

- [Decision-Making Self-Assessment Checklist](#)
- [Common Decision-Making Biases and How to Avoid Them](#)

---

### *Skref 3: Aðferðir við ákvarðanatöku og raunverulegar aðstæður*

Kynntu þér mismunandi aðferðir sem hjálpa við ákvarðanatöku, t.d.:

- **SVÓT-greining** (styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri)
- **Fimm sinnum af hverju** (5 Whys) – til að komast að rót vandans
- **Ákvörðunatré** – til að meta mögulegar afleiðingar valkosta

Skóðu einnig hvernig leiðtogar og fagfólk í ólíkum atvinnugreinum taka ákvarðanir og hvaða aðferðir þeir nota.

#### **Heimild:**

- [Top Decision-Making Models for Professionals](#)
- [SWOT Analysis for Career and Business Decisions](#)
- [Examples of Decision-Making in Action](#)

---

### *Skref 4: Leiðir og aðferðir við ákvarðanatöku*

- Hugsaðu um hvernig þú tekur ákvarðanir og búðu til þína eigin aðferð sem getur hjálpað þér í framtíðinni. Þú getur byggt hana á aðferðum sem þú lærðir áður – til dæmis:
- Skilgreina vandamálið
- Safna upplýsingum og skoða valkosti
- Meta áhættu og kosti/galla
- Taka upplýsta ákvörðun

- **Verkefni:**  
Útbúðu stutta myndræna eða skriflega samantekt af þinni eigin ákvarðanatökuaðferð sem þú getur notað sem leiðarljós í framtíðinni – t.d. skýringarmynd, flæðirit eða stutt lýsing á skrefunum.

#### Heimild:

- [How to Create a Personal Decision-Making Process](#)
- [Using Decision Trees for Better Choices](#)
- [Guide to Risk Assessment in Decision-Making](#)

---

#### Skref 5: Að taka ákvörðun - verkfæri

- Settu saman þitt eigið safn af verkfærum sem hjálpa þér að taka upplýstar ákvarðanir. Þar má meðal annars finna:
- Persónulegar forgangsröðunaraðferðir
- Spurningar sem hjálpa til við mat
- Sýnilegan feril (t.d. flæðirit eða lista)
- Kynntu þetta á einfaldan hátt, t.d. með myndrænni samantekt, dagbókarfærslu eða stuttri kynningu.

#### Heimild:

- [Tips for Decision-Making Under Pressure](#)
- [How to Evaluate the Results of Your Decisions](#)

---

#### Mat

Verkefnið er metið út frá:

- Skilningi á aðferðum og notkun þeirra
- Frumleika og notagildi við ákvarðanatöku
- Dýpt í sjálfsmati og framtíðarsýn
- Skipulagi og notagildi verkfærasafns

## Niðurlag

Ákvarðanataka er lykilþáttur í bæði persónulegum og faglegum árangri. Með því að ljúka þessari vefkönnun hefur þú öðlast innsýn í árangursríkar aðferðir við ákvarðanatöku, hannað þína eigin aðferðargrind og æft þig í að beita henni í raunverulegum aðstæðum. Þekkingin sem þú hefur tileinkað þér getur stutt þig í því að taka markvissar og vel ígrundaðar ákvarðanir – bæði í daglegu lífi og á starfsferlinum.

DISCOVER  
& EMPOWER



Co-funded by  
the European Union

Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the National Agency. Neither the European Union nor National Agency can be held responsible for them. Project Number: 2023-1-LT01-KA220-ADU-000156443